

2. fundur haldinn að Breiðabliki 11.febrúar 2013

Mættir: Guðbjartur Gunnarsson, Halldór Jónsson, Þröstur Aðalbjarnarson, Svanur Gumundsson í forföllum Hrefnu Birkisdóttur og Katrín Gísladóttir í forföllum Sigurðar Hreinssonar. Samþykkt að hafa fundinn lokaðan.

1. mál

Bréf Ragnars Aðalsteinssonar hrl. f.h. Félagsbúsins að Miðhrauni II er varðar Hitaveitu Eyja-og Miklaholtshrepps.

Oddvita falið að svara bréfinu með aðstoð lögmanns. Það er álit hreppsnefndar að eignirnar séu síst ofmetnar er varðar virkjunarborholur sem voru settar inn í hitaveituna á sínum tíma.

2. Hitaveitumálin

Sturla Böðvarsson ráðgjafi og Konráð Konráðsson endurskoðandi fóru yfir hitaveitumálin og skýrðu þær sex sviðsmyndir um rekstur hitaveitunnar sem skýrsla Atvinnuráðgjafar Vesturlands tekur á.

Sveitarstjórn samþykkir að fara þá leið sem felst í því að sem flestir aðilar innan Miklaholtshrepps hins forna hafi möguleika á tengingu við heitt vatn. Til þess að það verði möguleiki þarf meðal annars að nást samningar við hluthafa Hitaveitu Eyja-og Miklaholtshrepps í samræmi við fyrirbyggjandi tillögur.

Uppi eru deilur um notkun heitavatnsins í Miklaholtshreppi. Sveitarstjórn leggur áherslu á að lausn náist í þeim deilum sem allir aðilar sætta sig við.

Ekki verði farið út í framkvæmdir nema að viðunandi arðsemi verði tryggð.

Sveitarstjórn felur Sturlu og Konráði að annast viðræður og framgang málsins.

3. mál

Slökkvitækin og viðhald þeirra. Oddvita og varaoddvita falið að skoða málin.

4. mál

Bréf sýslumanns Snæfellinga um að afskrifa ógreitt útsvar. Erindið samþykkt.

5. mál

Ýmis bréf

Sigurður og Bryndís á Miðhrauni II segja sig frá skemmtinefndinni er varðar Boðsball.

Einnig var kynnt bréf frá Bryndísi á Miðhrauni II varðandi lögheimilisflutninga.

Önnur mál

Svanur spurði út í sorphirðu er varðar landbúnaðinn.

Fleira ekki gert.

Fundargerð lesin og samþykkt